

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1034/2011

2014/EES/4/31

frá 17. október 2011

um öryggiseftirlit með rekstrarstjórnun flugumferðar og flugleiðsöguþjónustu og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 691/2010 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu (þjónustureglugerðin) ⁽¹⁾ einkum 4. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftrýmis í samevrópska loftrýminu (loftrýmisreglugerðin) ⁽²⁾, einkum 6. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ⁽³⁾, einkum 8. gr. b,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 216/2008 er gerð krafa um að framkvæmdastjórnin, með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu (Flugöryggisstofnunarinnar) samþykki viðeigandi framkvæmdarreglur til að kveða á um safn reglufestra öryggiskrafna að því er varðar framkvæmd öryggiseftirlits með rekstrarstjórnun flugumferðar (ATM). Í 8. gr. b í reglugerð (EB) nr. 216/2008 er gerð krafa um að þessar framkvæmdarreglur séu þróaðar á grundvelli reglnanna sem hafa verið samþykktar skv. 3. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými (rammareglugerðin) ⁽⁴⁾. Þessi reglugerð byggist á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1315/2007 frá 8. nóvember 2007 um öryggiseftirlit með rekstrarstjórnun flugumferðar og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2096/2005 ⁽⁵⁾.
- 2) Þörf er á að skilgreina betur hlutverk og starfssvið lögbærra yfirvalda á grundvelli ákvæða reglugerða (EB) nr. 216/2008, (EB) nr. 549/2004, (EB) nr. 550/2004 og

reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (rekstrarsamhæfisreglugerðin) ⁽⁶⁾. Þessar reglugerðir fela í sér kröfur um öryggi í flugleiðsöguþjónustu. Þó svo að þjónustuveitendur beri ábyrgð á því að þjónustan sé veitt á öruggan hátt skulu aðildarríkin tryggja skilvirkt eftirlit fyrir milli-göngu lögbærra yfirvalda.

- 3) Þessi reglugerð skal ekki taka til hernaðaraðgerða og herþjálfunarflugs eins og kveðið er á um í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004 og c-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.
- 4) Lögbær yfirvöld skulu annast reglufestar öryggisúttektir og mat í samræmi við þessa reglugerð sem hluta af tilskildum skoðunum og könnunum, sem krafist er samkvæmt reglugerðum (EB) nr. 216/2008 og (EB) nr. 550/2004.
- 5) Lögbær yfirvöld skulu íhuga að nota aðferðina við öryggiseftirlit, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, á öðrum sviðum eftirlits til að veita skilvirkt og heildstætt eftirlit.
- 6) Starfræn kerfi til að stjórna flugumferð eru notuð við flugleiðsöguþjónustu, sem og flæðisstjórnun flugumferðar (ATFM) og stjórnun loftrýma (ASM). Því skulu hvers konar breytingar á starfrænu kerfunum háðar öryggiseftirliti.
- 7) Lögbær yfirvöld skulu grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana ef kerfi eða kerfishluti uppfyllir ekki viðeigandi kröfur. Í þessu samhengi og einkum þegar nauðsynlegt er að gefa út tilskipun um öryggi skal lögbæra yfirvaldið íhuga að gefa tilkynntu aðilunum, sem tengjast útgáfu yfirlýsingarinnar sem um getur í 5. eða 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 552/2004, fyrirmæli um að framkvæma sérstaka rannsókn á þessu tæknilega kerfi.

- 8) Árleg skýrsla lögbærra yfirvalda um öryggiseftirlit skal stuðla að gagnsæi og áreiðanleika öryggiseftirlits. Slíkar skýrslur skulu sendar framkvæmdastjórninni, Flugöryggisstofnuninni og því aðildarríki sem tilnefnir umrætt lögbært yfirvald eða kemur því á fót. Enn fremur

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 271, 18.10.2011, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 232/2013 frá 13. desember 2013 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 20.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 291, 9.11.2007, bls. 16.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 26.

skulu árlegar skýrslur um öryggiseftirlit notaðar í tengslum við svæðisbundna samvinnu, eftirlit með stöðlun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 216/2008 og alþjóðlega vöktun með öryggiseftirlitinu. Í skýrslunum skulu vera viðeigandi upplýsingar um vöktun öryggisframmistöðu, hvort farið sé að gildandi, reglufestum öryggiskröfum í þeim stofnunum eða fyrirtækjum sem eru undir eftirliti, áætlun fyrir reglufestar öryggisúttektir, mat á öryggisrökum, breytingar á starfrænum kerfum, sem stofnanir eða fyrirtæki sem eru undir eftirliti hafa tekið í notkun í samræmi við aðferðir sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt, og þær tilskipanir um öryggi sem slíkt yfirvald hefur gefið út.

- 9) Í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og 4. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 550/2004, skulu lögbær yfirvöld gera viðeigandi ráðstafanir til að koma á nánú samstarfi sín á milli til að tryggja fullnægjandi eftirlit með veitendum flugleiðsöguþjónustu í tengslum við loftrými sem er á ábyrgð annars aðildarríkis en þess sem gaf út starfsleyfið. Samkvæmt 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 skulu lögbær yfirvöld einkum skiptast á viðeigandi upplýsingum sem tengjast öryggiseftirliti með stofnunum eða fyrirtækjum.
- 10) Flugöryggisstofnunin skal meta nánar ákvæði þessarar reglugerðar, einkum þau sem varða öryggiseftirlit með breytingum og skila álit til að aðlaga slíkar breytingar að heildarkerfisnálgun, að teknu tilliti til innleiðingar þessara ákvæða í sameiginlegt framtíðarskipulagreglna fyrir öryggi í almenningsflugi og að fenginni reynslu hagsmunaaðila og lögbærra yfirvalda. Álit Flugöryggisstofnunarinnar skal enn fremur stuðla að því að greiða fyrir framkvæmd Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á öryggisáætlun ríkis (e. *State Safety Programme*) innan Evrópusambandsins sem hluta af þessari heildarkerfisnálgun.
- 11) Að því er varðar örugga framkvæmd í tengslum við starfsemi neta, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 551/2004, er gerð krafa um að aðilinn sem í hlut á uppfylli tilteknar öryggiskröfur. Mælt er fyrir um þessar kröfur í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 677/2011 frá 7. júlí 2011 um ítarlegar reglur um framkvæmd í tengslum við starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 691/2010 ⁽⁷⁾ með það að markmiði að tryggja örugga starfrækslu slíkra aðila, stofnana eða fyrirtækja. Kröfurnar varða öryggi stofnana eða fyrirtækja og svipar mjög til þeirra almennu krafna sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1035/2011 ⁽⁸⁾ en þær eru aðlagðar að öryggisábyrgð í tengslum við starfsemi neta. Til að stuðla að heildarkerfisnálgun öryggisreglna í almenningsflugi þarf að hafa sams konar eftirlit með framkvæmd þessara krafna og með veitendum flugleiðsöguþjónustu.

- 12) Í tilmælum sínum frá því í júlí 2007 lagði nefnd háttsettra embættismanna um framtíð evrópska reglurammans um flug áherslu á þörfina að aðskilja lögboðið eftirlit frá þjónustuveitingu eða starfsemi neta. Í samræmi við þessa meginreglu er í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 551/2004 kveðið á um að aðilinn, sem er tilnefndur til framkvæmda í tengslum við starfsemi neta, þurfi að sæta viðeigandi eftirlitsfyrirkomulagi. Þar sem Flugöryggisstofnunin framkvæmir nú þegar sjálfstætt öryggiseftirlit með veitendum samevrópskrar rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu, í samræmi við 22. gr. a í reglugerð (EB) nr. 216/2008, myndi það vera í fullu samræmi við evrópska stefnu um flugöryggi að fela henni að styðja framkvæmdastjórnina við framkvæmd sömu verkefna að því er varðar starfsemi evrópskra neta.
- 13) Reglugerð (EB) nr. 1315/2007 skal því felld úr gildi.
- 14) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 691/2010 frá 29. júlí 2010 um frammistöðukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu og starfsemi neta og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2096/2005 ⁽⁹⁾ skal breytt til að aðlaga hana að þessari reglugerð.
- 15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samevrópskt loftrými.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð eru settar kröfur sem á að nota í tengslum við öryggiseftirlit lögbærra yfirvalda með flugleiðsöguþjónustu, flæðisstjórnun flugumferðar, stjórnun loftrýma fyrir almenna flugumferð og aðra starfsemi neta.

2. Þessi reglugerð gildir um aðgerðir lögbærra yfirvalda og hæfra aðila, sem koma fram fyrir þeirra hönd, í tengslum við öryggiseftirlit með flugleiðsöguþjónustu, flæðisstjórnun flugumferðar, stjórnun loftrýma og annarri starfsemi neta.

2. gr.

Skilgreiningar

Að því er varðar þessa reglugerð gilda skilgreiningarnar í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004 og í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008. Skilgreiningin á „starfsleyfi“ í 15. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004 gildir þó ekki.

Jafnframt gilda eftirfarandi skilgreiningar:

- 1) „aðgerð til úrbóta“: aðgerð til að uppræta orsök ósamræmis sem greinist,

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 185, 15.7.2011, bls. 1.

⁽⁸⁾ Sjá bls. 23 í þessum Stjórnartíðindum.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 201, 3.8.2010, bls. 1.

- 2) „starfrænt kerfi“: sambland af kerfum, verklagi og mannaúði sem er skipulagt til að annast verkefni í tengslum við rekstrarstjórnun flugumferðar,
- 3) „netstjórnandi“: óhlutdrægur og þar til bær aðili sem, skv. 2. eða 6. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 551/2004, er falið að framkvæma þau verkefni sem lýst er í þeirri grein og þessari reglugerð,
- 4) „starfsemi neta“: sérstök starfsemi neta sem lýst er í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 551/2004,
- 5) „stofnun eða fyrirtæki“: annaðhvort veitandi flugleiðsöguþjónustu eða aðili sem annast flæðisstjórnun flugumferðar eða stjórnun loftrýma eða aðra starfsemi neta,
- 6) „ferli“: aðgerðir, sem eru innbyrðis tengdar eða samverkandi og breyta ílagi í frálög,
- 7) „öryggisrök“: sönnun fyrir því að unnt sé að framkvæma fyrirhugaða breytingu á starfrænu kerfi í samræmi við markmið eða staðla, sem fastsettir eru með gildandi regluramma í samræmi við reglufestar öryggiskröfur,
- 8) „tilskipun um öryggi“: skjal, sem lögbær yfirvöld gefa út eða samþykkja, þar sem kveðið er á um aðgerðir, sem framkvæma þarf á starfrænu kerfi, til að endurheimta öryggi þegar sönnunargögn sýna að flugöryggi gæti annars verið stofnað í hættu,
- 9) „öryggismarkmið“: eigindleg eða meginndleg yfirlýsing þar sem skilgreind er hámarkstíðni eða -líkur á því að hætta geti átt sér stað,
- 10) „reglufest öryggisúttekt“: kerfisbundin og sjálfstæð rannsókn, sem framkvæmd er af lögbæru yfirvaldi, eða fyrir hönd þess, til að skera úr um hvort öryggistengdar ráðstafanir eða þættir þeirra, sem tengjast ferlum og útkomu þeirra ásamt vörum eða þjónustu, séu í samræmi við öryggistengdar ráðstafanir og hvort þær séu framkvæmdar með skilvirkum hætti og henti til að ná tilætluðum árangri,
- 11) „reglufestar öryggiskröfur“: þær kröfur sem ákvarðaðar eru samkvæmt reglugerðum Sambandsins eða landsbundnum reglugerðum um veitingu þjónustu á sviði flugleiðsögu eða starfsemi á sviði flæðisstjórnunar flugumferðar og stjórnunar loftrýma og aðra starfsemi neta að því er varðar tæknilega og rekstrarlega hæfni og getu til að veita þessa þjónustu og starfsemi, öryggisstjórnun þeirra, sem og kerfi, kerfishlutar þeirra og tilheyrandi verklagsreglur,
- 12) „öryggiskrafa“: leið til að draga úr áhættu, skilgreind út frá aðferð til að draga úr áhættu sem uppfyllir tiltekið öryggismarkmið, þ.m.t. kröfur varðandi skipulag, rekstur, verklag, virkni, árangur og rekstrarsamhæfi eða umhverfiseiginleika,

- 13) „sannprófun“: staðfesting sem felst í því að leggja fram hlutlæg sönnunargögn þess eðlis að tilteknar kröfur hafi verið uppfylltar,
- 14) „samevrópsk rekstrarstjórnun flugumferðar/flugleiðsöguþjónusta“: starfsemi sem er hönnuð og komið á fyrir notendur innan flestra eða allra aðildarríkja og sem getur einnig náð út fyrir loftrými þess yfirráðasvæðis sem sáttmálinn tekur til.

3. gr.

Lögbær eftirlitsyfirvöld

Að því er varðar þessa reglugerð og með fyrirvara um gagnkvæma viðurkenningu á starfsleyfum fyrir veitendur flugleiðsöguþjónustu í samræmi við 8. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 550/2004 og 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, skulu lögbær eftirlitsyfirvöld:

- a) fyrir stofnanir eða fyrirtæki, sem hefur höfuðstöðvar og skráða skrifstofu, sé hún til staðar, í aðildarríki og veitir að sama skapi flugleiðsöguþjónustu á yfirráðasvæði þess aðildarríkis, vera landsbundið eftirlitsyfirvald sem þetta aðildarríki tilnefni eða kemur á fót,
- b) fyrir stofnanir eða fyrirtæki, sem hefur verið falin ábyrgð á öryggiseftirliti, í kjölfar samkomulaga sem aðildarríki hafa gert sín á milli í samræmi við 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 550/2004, með öðrum hætti en kveðið er á um í a-lið, vera lögbær yfirvöld sem hafa verið tilnefnd eða komið á fót samkvæmt þessum samkomulögum; þessi samkomulög skulu samrýmast kröfum 3.–6. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 550/2004,
- c) fyrir stofnanir eða fyrirtæki sem veitir rekstrarstjórnun flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu í loftrými á yfirráðasvæði sem sáttmálinn tekur til og hefur höfuðstöðvar sínar og skráða skrifstofu, sé hún til staðar, utan yfirráðasvæðisins sem ákvæði sáttmálans taka til, vera Flugöryggisstofnun Evrópu (Flugöryggisstofnunin),
- d) fyrir stofnanir eða fyrirtæki, sem veitir samevrópska rekstrarstjórnun flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu, auk allrar annarrar starfsemi neta í loftrými yfirráðasvæðisins sem sáttmálinn tekur til, vera Flugöryggisstofnunin.

4. gr.

Öryggiseftirlit

1. Lögbær yfirvöld skulu nota öryggiseftirlit sem hluta af eftirliti með þeim kröfum sem gilda um flugleiðsöguþjónustu sem og flæðisstjórnun flugumferðar, stjórnun loftrýma og aðra starfsemi neta til að fylgjast með því að þjónustan sé veitt á öruggan hátt og til að sannreyna að farið sé að gildandi, reglufestum öryggiskröfum og tilhögun framkvæmdar þeirra.

2. Þegar gerður er samningur um eftirlit með stofnunum eða fyrirtækjum, sem eru virk í starfrænum loftrýmismudæmum og ná yfir tiltekið loftrými, sem er á ábyrgð fleiri en eins aðildarríkis, eða ef þjónustan er veitt yfir landamæri, skulu hlutaðeigandi aðildarríki ákvarða og úthluta ábyrgð á öryggiseftirliti á þann hátt að það tryggir:

- a) að skýrt komi fram hver ber ábyrgð á framkvæmd sérhvers ákvæðis þessarar reglugerðar,
- b) að aðildarríkin hafi yfirsýn yfir fyrirkomulag öryggis-efirlitsins og niðurstöður þar að lútandi,
- c) að viðeigandi upplýsingaskipti séu tryggð á milli eftirlits-yfirvalda og vottunaryfirvalds.

Aðildarríkin skulu reglulega yfirfara samkomulagið og verklega framkvæmd þess, einkum í ljósi öryggisframmistöðu sem náðst hefur.

3. Þegar gert er samkomulag um eftirlit með stofnunum eða fyrirtækjum, sem eru virk í starfrænum loftrýmisumdæmum eða annast starfsemi sem nær yfir landamæri, þar sem Flugöryggisstofnunin er lögbært yfirvald fyrir a.m.k. eina stofnun eða fyrirtæki, í samræmi við b-lið 3. gr., skal hlutaðeigandi aðildarríki gæta samræmis við Flugöryggisstofnunina til að tryggja að a-, b- og c-liður 2. mgr. sé uppfylltur.

5. gr.

Eftirlit með öryggisframmistöðu

1. Lögbær yfirvöld skulu reglulega hafa eftirlit með og meta öryggisstigið, sem náðst hefur, til þess að ákvarða hvort það sé í samræmi við þær reglufestu öryggiskröfur sem gilda um loftrýmisumdæmin sem eru á þeirra ábyrgð.

2. Lögbær yfirvöld skulu einkum nota niðurstöðurnar úr eftirliti með öryggisframmistöðu til að ákvarða á hvaða sviðum þurfi fyrst og fremst að fá staðfestingu á því að reglufestar öryggiskröfur séu uppfylltar.

6. gr.

Sannprófun á því að farið sé að reglufestum öryggiskröfum

- 1. Lögbær yfirvöld skulu ákvarða ferli til að sannprófa:
 - a) að farið sé að gildandi reglufestum öryggiskröfum áður en starfsleyfi, sem er nauðsynlegt til að veita flugleiðsöguþjónustu, er gefið út eða endurnýjað, þ.m.t. öryggistengd skilyrði sem fylgja því,
 - b) að farið sé að hvers konar öryggistengdum skilyrðum í gerð um tilnefningu sem er gefin út í samræmi við 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 550/2004,
 - c) að stofnanirnar eða fyrirtækin haldi áfram að fara að gildandi reglufestum öryggiskröfum,
 - d) að framkvæmd séu öryggismarkmið, öryggiskröfur og önnur öryggistengd skilyrði sem greint er frá:
 - i. í yfirlýsingum um sannprófun á kerfum, þ.m.t. sérhver viðeigandi yfirlýsing um samræmi eða nothæfi kerfshluta, sem gefnar eru út í samræmi við reglugerð (EB) nr. 552/2004,

- ii. í áhættumati og ráðstöfunum til að draga úr áhættu sem krafist er samkvæmt þeim reglufestu öryggiskröfum sem gilda um flugleiðsöguþjónustu, flæðisstjórnun flugumferðar, stjórnun loftrýmis og netsjórnanda,

e) að tilskipanir um öryggi séu framkvæmdar.

2. Ferlið, sem um getur í 1. mgr., skal:

- a) byggjast á skjalfestum verklagsreglum,
- b) stutt gögnum sem eiga sérstaklega að leiðbeina starfsfólki sem starfar við öryggiseftirlit varðandi það hvernig það eigi að sinna störfum sínum,
- c) veita stofnunum eða fyrirtækjum upplýsingar um niðurstöður úr öryggiseftirlitinu,
- d) byggjast á reglufestum öryggisúttektum og mati, sem fer fram í samræmi við 7., 9. og 10. gr.,
- e) veita lögbærum yfirvöldum þær upplýsingar sem þarf til að styðja frekari aðgerðir, þ.m.t. fyrirhugaðar ráðstafanir skv. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004, 7. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 550/2004 og 10., 25. og 68. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, við aðstæður þar sem ekki er farið að reglufestum öryggiskröfum.

7. gr.

Reglufestar öryggisúttektir

- 1. Lögbær yfirvöld, eða hæfir aðilar fyrir þeirra hönd, skulu framkvæma reglufestar öryggisúttektir.
- 2. Reglufestar öryggisúttektir, sem um getur í 1. mgr., skulu:
 - a) veita lögbærum yfirvöldum sönnun þess efnis að farið sé að gildandi, reglufestum öryggiskröfum og tilhögun framkvæmdar með því að meta þörfina á endurbótum eða aðgerðum til úrbóta,
 - b) vera óháð innri úttekt sem hlutaðeigandi stofnun eða fyrirtæki framkvæmir sem hluta af öryggis- eða gæðastjórnunarkerfi sínu,
 - c) framkvæmdar af úttektarmönnum sem hafa menntun og hæfi í samræmi við kröfur í 12. gr.,
 - d) gilda um heildartilhögun framkvæmdar, eða þætti hennar, og um ferli, vörur eða þjónustu,
 - e) ákvarða hvort:
 - i. tilhögun framkvæmdar sé í samræmi við reglufestar öryggiskröfur,
 - ii. aðgerðir, sem gripið er til, séu í samræmi við tilhögun framkvæmdar,
 - iii. niðurstöður aðgerða, sem gripið er til, séu í samræmi við niðurstöðurnar, sem vænta má af tilhögun framkvæmdar,
 - f) hafa í för með sér að ráðin verði bót á hvers konar ósamræmi, sem í ljós kemur, í samræmi við 8. gr.

3. Lögbær yfirvöld skulu koma á áætlun um reglufestar öryggisúttektir og uppfæra hana a.m.k. árlega, innan ramma skoðunaráætlunarinnar, sem um getur í 8. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 1035/2011, til þess:

- a) að ná til allra sviða þar sem öryggisvandi er mögulega til staðar, með áherslu á þau svið þar sem vandamál hafa komið í ljós,
- b) að ná til allra stofnana eða fyrirtækja, þjónustu og starfsemi neta sem starfrækt eru undir eftirliti lögbærra yfirvalda,
- c) að tryggja að úttektir séu framkvæmdar þannig að þær séu í réttu hlutfalli við áhættustigið sem starfsemi stofnananna eða fyrirtækjanna felur í sér,
- d) að sjá til þess að tilskilinn fjöldi úttekta sé framkvæmdur á tveggja ára tímabili til að kanna hvort allar þessar stofnanir eða fyrirtæki fari að gildandi, reglufestum öryggiskröfum á öllum viðeigandi sviðum starfræna kerfisins,
- e) að sjá til þess að framkvæmd aðgerða til úrbóta sé fylgt eftir.

4. Lögbær yfirvöld geta ákveðið að breyta gildissviði fyrirfram áætlaðra úttekta og að bæta við úttektum, þegar þörf er á.

5. Lögbær yfirvöld skulu ákveða þá tilhögun, þætti, þjónustu, starfsemi, vörur, staði og aðgerðir sem gera skal úttekt á innan tiltekins tímaramma.

6. Skrá skal athugasemdir um úttektir og ósamræmi sem greinast. Hið síðarnefnda skal stutt með gögnum og tilgreina skal við hvaða gildandi, reglufestar öryggiskröfur og tilhögun framkvæmdar stuðst var við er úttektin var framkvæmd.

7. Gera skal úttektarskýrslu sem felur í sér frekari upplýsingar um ósamræmið.

8. gr.

Aðgerðir til úrbóta

1. Lögbæru yfirvöldin skulu senda stofnunum eða fyrirtækjum, þar sem úttektin var gerð, niðurstöður hennar og fara á sama tíma fram á að gerðar verði aðgerðir til úrbóta til að ráða bót á ósamræmi sem kom í ljós án þess að það hafi áhrif á hvers konar aðrar aðgerðir sem krafist er í gildandi, reglufestum öryggiskröfum.

2. Stofnanir eða fyrirtæki, þar sem úttektin var gerð, skulu ákvarða hvaða aðgerðir til úrbóta teljast nauðsynlegar til að ráða bót á ósamræminu auk tímarammans fyrir framkvæmd þeirra.

3. Ef niðurstaða matsins er sú að aðgerðir til úrbóta nægja til að ráða bót á ósamræminu skulu lögbær yfirvöld meta aðgerðirnar og framkvæmd þeirra, sem ákvörðun er tekin um af hálfu stofnana eða fyrirtækja þar sem úttektin var gerð, og samþykka þær.

4. Stofnanirnar eða fyrirtækin, þar sem úttektin var gerð, skulu hrinda í framkvæmd þeim aðgerðum til úrbóta sem lögbær yfirvöld hafa samþykkt. Þessum aðgerðum til úrbóta og ferli við síðari eftirfylgni skal lokið innan þess tímabils sem lögbær yfirvöld hafa samþykkt.

9. gr.

Öryggisfirlit með breytingum á starfrænum kerfum

1. Þegar stofnanir eða fyrirtæki ákveða hvort þau eigi að gera öryggistengda breytingu á starfrænum kerfum sínum skulu þau aðeins nota verklagsreglur sem viðeigandi lögbær yfirvöld hafa samþykkt. Að því er varðar veitendur flugumferðarþjónustu, fjarskiptaþjónustu, leiðsöguþjónustu og kögunarþjónustu skal viðeigandi lögbært yfirvald samþykkja þessar verklagsreglur innan ramma framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 1035/2011.

2. Stofnanir eða fyrirtæki skulu tilkynna viðeigandi lögbæru yfirvaldi um allar fyrirhugaðar öryggistengdar breytingar. Lögbær yfirvöld skulu því ákvarða viðeigandi stjórnsýslu-meðferð í samræmi við landslög.

3. Stofnunum eða fyrirtækjum er heimilt að framkvæma tilkynntar breytingar með því að fylgja verklagsreglunum, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, nema 10. gr. eigi við.

10. gr.

Verklag við mat á fyrirhuguðum breytingum

1. Lögbær yfirvöld skulu meta öryggisrökin, sem tengjast nýju starfrænu kerfunum eða breytingum á núverandi starfrænum kerfum, sem stofnun eða fyrirtæki leggur til, þegar:

- a) alvarleikamat, sem fer fram í samræmi við lið 3.2.4 í II. viðauka í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011, leiðir í ljós að möguleg áhrif hættunnar, sem greindist, sé í alvarleikaflokki 1 eða 2 eða
- b) framkvæmd breytinganna krefst þess að nýir flugmálastaðlar verði teknir upp.

Þegar lögbær yfirvöld hafa ákvarðað þörfina á mati við aðrar aðstæður en þær sem um getur í a- og b-lið skulu þau tilkynna stofnuninni eða fyrirtækinu að það muni framkvæma öryggismat á tilkynntum breytingum.

2. Framkvæma skal hvert mat á þann hátt að það sé í réttu hlutfalli við þá áhættu sem ný starfræn kerfi eða fyrirhugaðar breytingar á fyrirbyggjandi kerfum fela í sér.

Í hverju mati skal:

- a) notast við skjalfestar verklagsreglur,
- b) styðjast við gögn sem eiga sérstaklega að leiðbeina starfsfólki, sem starfar við öryggisfirlit, varðandi það hvernig það eigi að sinna störfum sínum,

- c) huga að öryggismarkmiðum, öryggiskröfum og öðrum öryggistengdum skilyrðum sem tengjast viðkomandi breytingum, sem er að finna:
- i. í yfirlýsingum um sannprófun kerfa sem um getur í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 552/2004,
 - ii. í yfirlýsingum um samræmi eða nothæfi kerfishluta, sem um getur í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 552/2004, eða
 - iii. í gögnum um áhættumat og ráðstafanir til að draga úr áhættu sem unnin eru í samræmi við gildandi, reglufestar öryggiskröfur,
- d) tilgreina, ef þörf er á, frekari öryggistengd skilyrði sem tengjast framkvæmd breytinganna,
- e) meta að hvaða marki öryggisrökin, sem lögð eru fram, eru tæk, að teknu tilliti til:
- i. hættugreiningar,
 - ii. samkvæmni skiptingar í alvarleikaflokka,
 - iii. gildis öryggismarkmiðanna,
 - iv. gildis, skilvirkni og hagkvæmni öryggiskrafanna og annarra öryggistengdra skilyrða sem tilgreind eru,
 - v. sönnunar á því að öryggismarkmiðin, öryggiskröfurnar og önnur öryggistengd skilyrði séu uppfyllt að staðaldri,
 - vi. sönnunar á því að ferlið, sem notað er til að setja fram öryggisrökin, uppfylli gildandi, reglufestar öryggiskröfur,
- f) sannreyna ferlin sem stofnanirnar eða fyrirtækin nota til að setja fram öryggisrökin í tengslum við nýja starfræna kerfið eða fyrirhugaðar breytingar á núverandi starfrænum kerfum,
- g) tilgreina hvort þörf sé á sannprófun þess efnis að enn sé farið að kröfunum,
- h) bæta við hvers kyns nauðsynlegu samræmingarstarfi yfirvalda sem bera ábyrgð á öryggiseftirliti með lofthæfi og flugrekstri,
- i) senda út tilkynningu um samþykki á fyrirhugaðri breytingu ásamt skilyrðum, þar sem við á, eða að breytingin sé ekki samþykkt ásamt rökstuddum ástæðum þar að lútandi.
3. Aðeins má framkvæma fyrirhugaðar breytingar, sem verið er að meta, með samþykki lögbærra yfirvalda.

11. gr.

Hæfir aðilar

1. Ákveði lögbært yfirvald að fela hæfum aðila framkvæmd reglufestra öryggisúttekta eða mats, í samræmi þessa reglugerð,

skal það tryggja að viðmiðanirnar, sem notaðar eru til að velja aðila meðal þeirra sem eru hæfir, í samræmi við 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 550/2004 og 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, feli í sér eftirfarandi:

- a) að hæfur aðili hafi reynslu af því að meta öryggi flugrekstrareininga,
- b) að hæfur aðili taki ekki á sama tíma þátt í innri starfsemi öryggis- eða gæðastjórnunarkerfa hlutaðeigandi stofnunar eða fyrirtækis,
- c) að starfsfólk, sem kemur að framkvæmd reglufestra öryggisúttekta eða mats, hafi tilskilda þjálfun og hæfni og uppfylli kröfurnar um menntun og hæfi, sem kveðið er á um í 3. mgr. 12. gr. í þessari reglugerð.

2. Hæfur aðili skal fallast á að lögbæra yfirvaldið eða aðili, sem starfar fyrir hönd þess, geti gert úttekt á honum.

3. Lögbær yfirvöld skulu halda skrá yfir hæfa aðila, sem hafa fengið það verkefni að framkvæma reglufestar öryggisúttektir eða mat fyrir þeirra hönd. Í slíkri skrá skal koma fram að farið sé að kröfunum í 1. mgr.

12. gr.

Geta til öryggiseftirlits

1. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld hafi nauðsynlega getu til að tryggja öryggiseftirlit með öllum stofnunum eða fyrirtækjum sem starfa undir þeirra eftirliti, þ.m.t. nægileg tilföng til að framkvæma þær aðgerðir sem tilgreindar eru í þessari reglugerð.

2. Annað hvert ár skulu lögbær yfirvöld leggja fram og uppfæra mat á þeim mannauði sem þarf til að framkvæma öryggiseftirlit þeirra á grundvelli greiningar á þeim ferlum sem krafist er í þessari reglugerð og notkun þeirra.

3. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að allir, sem koma að starfsemi á sviði öryggiseftirlits, séu hæfir til að annast tilskilið verkefni. Í því samhengi skulu þau:

- a) skilgreina og skrá hvaða menntun, þjálfun, tæknilegu og rekstrarlegu kunnáttu, reynslu og menntun og hæfi þurfi til að sinna þeim verkefnum sem hvert starf á sviði öryggiseftirlits innan stofnunarinnar eða fyrirtækisins felur í sér,
- b) sjá til þess að þeir aðilar sem tengjast starfsemi á sviði öryggiseftirlits innan stofnunarinnar eða fyrirtækisins hljóti sérstaka þjálfun,

c) sjá til þess að starfsfólk, sem er tilnefnt til að framkvæma reglugestrar öryggisúttektir, þ.m.t. úttektarmenn á vegum hæfra aðila, uppfylli sérstakar kröfum um menntun og hæfi sem lögbært yfirvald skilgreinir. Kröfurnar skulu taka til:

- i. þekkingar og skilnings á þeim kröfum sem tengjast flugleiðsöguþjónustu, flæðisstjórnun flugumferðar, stjórnun loftrýma og annarri starfsemi neta, sem stuðst er við þegar reglugestrar öryggisúttektir eru framkvæmdar,
- ii. notkunar matsaðferða,
- iii. þeirrar færni sem þarf til að stjórna úttekt,
- iv. sönnunar á því að úttektarmenn séu hæfir, með mati eða öðrum viðurkenndum aðferðum.

13. gr.

Tilskipanir um öryggi

1. Lögbær yfirvöld skulu gefa út tilskipun um öryggi þegar þau hafa komist að raun um ótryggt ástand í starfrænu kerfi sem krefst tafarlausra aðgerða.

2. Tilskipanir um öryggi skulu sendar áfram til hlutaðeigandi stofnana eða fyrirtækja og skulu innihalda a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

- a) greiningu á ótrygga ástandinu,
- b) greiningu á starfræna kerfinu sem verður fyrir áhrifum,
- c) aðgerðir sem krafist er og rökstuðning þeirra,
- d) hver fresturinn er til að fara að aðgerðunum sem fram koma í tilskipuninni um öryggi,
- e) gildistöku-daginn.

3. Lögbær yfirvöld skulu senda Flugöryggisstofnuninni og öllum öðrum hlutaðeigandi lögbærum yfirvöldum afrit af tilskipuninni um öryggi, einkum þeim sem tengjast öryggis-eftirliti með starfrænum kerfum, og framkvæmdastjórninni.

4. Lögbær yfirvöld skulu sannprófa að farið sé að gildandi tilskipunum um öryggi.

14. gr.

Skrár um öryggiseftirlit

Lögbær yfirvöld skulu halda viðeigandi skrár sem tengjast ferlunum við öryggiseftirlit þeirra og viðhalda aðgengi að þeim, þ.m.t. skýrslur um allar reglugestrar öryggisúttektir og aðrar öryggistengdar skýrslur sem tengjast starfsleyfum, tilnefningum, öryggiseftirliti með breytingum, tilskipunum um öryggi og notkun á hæfum aðilum.

15. gr.

Skýrslugjöf um öryggiseftirlit

1. Lögbær yfirvöld skulu semja árlega skýrslu um aðgerðir öryggiseftirlits sem gripið var til samkvæmt þessari reglugerð. Ársskýrsla um öryggiseftirlit skal einnig innihalda upplýsingar um eftirfarandi:

- a) stjórnskipulag og verklagsreglur lögbæra yfirvaldsins,
- b) loftrýmið sem er á ábyrgð aðildarríkja, sem tilnefndu lögbæra yfirvaldið eða komu því á fót, eða stofnanir eða fyrirtæki, sem lögbæra yfirvaldið hefur eftirlit með,
- c) hæfa aðila, sem hafa fengið það verkefni að framkvæma reglugestrar öryggisúttektir,
- d) þau úrræði sem eru fyrir hendi og lögbæra yfirvaldið hefur,
- e) hvers kyns öryggisvandamál sem greinast við öryggis-eftirlitsferli lögbæra yfirvaldsins.

2. Þegar aðildarríkin semja ársskýrslur fyrir framkvæmdastjórnina, sem krafist er skv. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004, skulu þau nota þær skýrslur sem lögbæru yfirvöldin hafa samið.

Hlutaðeigandi aðildarríki skulu hafa aðgang að ársskýrslum um öryggiseftirlit, að því er varðar starfræn loftrýmisumdæmi, en jafnframt skal hún vera aðgengileg Flugöryggisstofnuninni sem og í þágu áætlana eða starfsemi, sem fer fram samkvæmt viðurkenndu, alþjóðlegu fyrirkomulagi um eftirlit með eða úttekt á framkvæmd öryggiseftirlits hjá flugleiðsöguþjónustu, flæðisstjórnun flugumferðar, stjórnun loftrýma eða annarri starfsemi neta.

16. gr.

Upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda

Lögbær yfirvöld skulu gera ráðstafanir til að koma á nánú samstarfi sín á milli, í samræmi við 10. og 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og 4. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 550/2004, og skiptast á öllum viðeigandi upplýsingum til að tryggja öryggiseftirlit með öllum stofnunum eða fyrirtækjum sem veita þjónustu eða sinna störfum yfir landamæri.

17. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Stjórna skal aðgerðum, sem komu til framkvæmda fyrir gildistöku þessarar reglugerðar á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 1315/2007, í samræmi við þessa reglugerð.

2. Yfirvald aðildarríkis, sem hefur borið ábyrgð á öryggis-eftirliti með stofnunum eða fyrirtækjum þar sem Flugöryggisstofnunin er lögbæra yfirvaldið, í samræmi við 3. gr., skal færa öryggiseftirlit þessara stofnana eða fyrirtækja til Flugöryggisstofnunarinnar tólf mánuðum frá gildistöku-degi þessarar reglugerðar, nema um sé að ræða öryggis-eftirlit netstjórnanda en þá skal tilfærslan, ef hún á sér stað, til framkvæmdastjórnarinnar með aðstoð Flugöryggisstofnunarinnar, fara fram á gildistöku-degi þessarar reglugerðar.

18. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EB) nr. 1315/2007 er felld úr gildi.

19. gr.

Breyting á reglugerð (ESB) nr. 691/2010

Í stað e-liðar í lið 1.1 í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 691/2010 komi eftirfarandi:

„e) öryggisskýrslur landsbundins eftirlitsyfirlids, sem um getur í 7., 8. og 14. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1034/2011 (*) auk skýrslna landsbundins eftirlitsyfirlids um að ráða bót á þeim annmörkum í öryggismálum sem komu í ljós og falla undir áætlun um aðgerðir til úrbóta,“

(*) Stjtið. ESB L 271, 18.10.2011, bls. 15.

20. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. október 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO
